

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 5
105 Reykjavík

Selfoss 20. mars 2020

Vegna: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Markaðsstofa Suðurlands fagnar því að verið er að skerpa á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þar sem lögð er áhersla á að lögin stuðli að sjálfbærri þróun, jafnvægi og svæðisbundinni þróun í samræmi við skipulag og áætlanir einstakra landshluta, s.s. áfangastaðaáætlanir.

Markaðsstofa Suðurlands gerir athugasemd við það að ekki er tekið tillit til akvegi þegar tekið er á ferðamannaleiðum. Ein helsta nýsköpun í þeim verkefnum sem markaðsstofurnar eru flestar að vinna að, í tengslum við dreifingu ferðamanna, er að skipuleggja og hanna nýjar ferðamannaleiðir í samvinnu við sveitarfélögin og aðra hagaðila. Þar er unnið að gönguleiðum, hjólaleiðum og akleiðum. Mikilvægt er að huga vel að leiðbeiningum og merkingum þegar verið er að leiða ferðamenn um svæði landsins og ekki síst að til staðar séu góðir og öryggir áningarstaðir til að staldra við og njóta náttúrunnar. Með góðum leiðbeiningum og áningarstöðum er einnig verið að vinna að verndun náttúru því oft myndast álagsstaðir við vegi þar sem ferðamenn eiga til að stoppa ökutæki sín, þó svo að ekki sé um skilgreindan áningarstað, sem dæmi til að taka myndir.

Markaðsstofa Suðurlands hvetur til þess að akvegir verði endurskoðaðir í skilgreiningu ferðamannaleiða svo að hægt verði að vinna að betri og öruggari ferðamannaleiðum um landið.

Fyrir hönd Markaðsstofu Suðurlands

Laufey Guðmundsdóttir,
Verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands